



Körfuknattleiksfélag Selfoss

**Gæðahandbók stjórnar
Uppfærð 2022**

Inngangur

Þessi handbók er gerð fyrir alla þá sem koma að starfi félagsins og er upplýsingabók sem segir frá starfi, skipulagi, stefnu og markmiðum þess. Iðkendur, foreldrar og forráðamenn unglings og barna geta leitað hér eftir upplýsingum um félagið, starfsemi þess og stefnur. Handbókin er ekki síður nauðsynleg stjórnarfólki, þjálfurum og í raun öllum þeim sem koma með einum eða öðrum hætti að starfsemi félagsins.

Saga félagsins

Körfuknattleiksfélag Selfoss var stofnað þann 24. ágúst árið 2005 á Selfossi en þá undir nafninu Íþróttafélag FSu. Félagið var stofnað utan um körfuknattleiksakademíu sem rekin var í samstarfi við Fjölbraudaskóla Suðurlands. Akademían og körfuknattleiksfélagið hafa verið tengd frá upphafi. Upphaflega þurftu leikmenn að ganga í Íþróttafélag FSu til þess að hljóta inngöngu í akademíuna. Því hefur verið breytt og nú geta leikmenn úr öðrum félögum skráð sig í akademíuna. Árið 2010 var nafni félagsins breytt í Körfuknattleiksfélag FSu og starfaði undir því heiti til 5. apríl 2018, er nafninu var breytt í Körfuknattleiksfélag Selfoss (stytting: Selfoss-Karfa) á aðalfundi.


Formenn félagsins

Sigurður Gísli Guðjónsson	2005 - 2007
Brynjar Karl Sigurðsson	2007 - 2009
Víðir Óskarsson	2009 - 2010
Finnbogi Magnússon	2010 - 2012
Víðir Óskarsson	2012 – 2015
Gylfi Þorkelsson	2015

Skipulag og markmið félagsins

Skipulag

Skipurit félagsins er uppbyggt á eftirfarandi hátt.



Kosið er í stjórn Körfuknattleiksfélags Selfoss árlega, á aðalfundi félagsins sem haldinn er fyrir lok mars ár hvert.

1. Stjórn er skipuð 7 einstaklingum sem kosnir eru á aðalfundi ár hvert, formanni sem kosinn er sérstaklega og sex öðrum einstaklingum. Stjórn skiptir með sér verkum á fyrsta stjórnarfundi og kýs sér gjaldkera og ritara. Fulltrúar félagsmanna 16-25 ára eiga rétt á áherynarfulltrúa í stjórn, sem hefur málfrelsi og tillögurétt á stjórnarfundum. Stjórn hefur lokaorð í öllum málum er varða félagið og starfsemi þess.
2. Formaður stjórnar ber, í umboði stjórnar, ábyrgð á daglegri starfsemi félagsins. Hann skipuleggur og stjórnar fundum stjórnarinnar, er talsmaður hennar út á við og tengiliður milli stjórnar annars vegar og þjálfara og ráða innan félagsins.
3. Gjaldkeri hefur umsjón með fjárreiðum félagsins, sér um bankareikninga á vegum þess og samskipti við bókara. Gjaldkeri og formaður vinna náið saman við fjárhagsáætlun, umsýslu reikninga og annað það er lýtur að fjárhag félagsins.
4. Ritari skrifar og heldur utan um fundargerðir, sér um félagatal, auglýsingar og tilkynningar f.h. félagsins.

5. Meistarafloksráð og Barna- og ungingaráð hafa faglega umsjón með ráðningu þjálfara. Allir þjálfarar félagsins eru ráðnir skv. skriflegum ráðningarsamningi og stjórn félagsins ber endanlega ábyrgð á þjálfararáðningum með samþykki ráðningarsamninga. Yfirþjálfarar halda reglulega samstarfsfundi með öllum þjálfurum félagsins til að tryggja samfelli í þjálfun og starfi frá yngstu aldurshópum til þeirra elstu.
6. Meistarafloksráð er skipað fimm einstaklingum, þar af a.m.k. einum stjórnarmanni, yfirþjálfara meistaraflokks og einum leikmanni meistaraflokks. Það vinnur að hagsmunum meistarafloksliða félagsins, ráðningu þjálfara, leikmanna og ber ábyrgð á umgjörð og framkvæmd keppnisleikja meistaraflokka.
7. Akademíuráð er skipað þremur einstaklingum, einum stjórnarmanni, yfirþjálfara akademíunnar og einum fulltrúa nemenda. Akademíuráð er samráðsvettvangur um starfsemi akademíunnar. Þar gefst nemendum tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum og tillögum á framfæri á formlegum vettvangi við þjálfara og stjórn félagsins.
8. Barna- og ungingaráð er skipað fjórum einstaklingum, þar af a.m.k. einum stjórnarmanni, a.m.k. einum fulltrúa foreldra/forráðamanna iðkenda á aldrinum 12-17 ára (7.-12. flokkur) og a.m.k. einum fulltrúa foreldra /forráðamanna iðkenda 11 ára og yngri (minnibolti). Barna- og ungingaráð ber ábyrgð á yngriflokkastarfi félagsins, félagsstarfi, keppni á vegum þess á heimavelli og keppnisferðum og er samráðsvettvangur með stjórn félagsins um málefni félagsmanna á þessu aldursskeiði.
 Barna- og ungingaráð kýs sér formann sem leiðir starfið, kallar til funda og stjórnar þeim, og ritara sem skrifar fundargerðir þar sem tíundaðar eru allar formlegar ákvarðanir ráðsins. Barna- og ungingaráð ræður yfirþjálfara yngriflokka, í samráði við formann félagsins, og aðra þjálfara yngri aldursflokka sem undir það heyra í samráði við yfirþjálfara yngri flokka. Barna- og ungingaráð heldur á haustin foreldrafundi fyrir alla æfingahópa iðkenda sem undir það heyra, í samráði við yfirþjálfara yngriflokka og þjálfara hvers hóps, þar sem vetrarstarfið er kynnt, áherslur í þjálfun og helstu viðburðir, og valinn er tengiliður úr hópi forráðamanna fyrir viðkomandi hóp. Barna- og ungingaráð ræður umsjónarmann yngri flokka, sem sinnir ýmsum daglegum verkefnum, s.s. skipulagningu félagsstarfs, helgarmóta og keppnisferða í samráði við þjálfara og tengiliði hvers hóps.
9. Yfirþjálfari eldri flokka hefur umsjón með allri þjálfun á vegum félagsins í meistaraflokki, ungmennaflokki og í akademíunni. Yfirþjálfari leiðbeinir og styður aðra

þjálfara hjá féluginu, veitir fræðslu og sýnir öllum þjálfurum og iðkendum áhuga og hvatningu.

10. Yfirþjálfari yngri flokka er faglegur leiðtogi og hefur umsjón með allri þjálfun á vegum félagsins hjá iðkendum yngri en 18 ára. Hann starfar með Barna- og unglingsaráði og veitir því ráðgjöf um ráðningu þjálfara yngri aldursflokkanna. Hann leiðbeinir og styður aðra þjálfara hjá féluginu, veitir fræðslu og sýnir öllum þjálfurum og iðkendum áhuga og hvatningu.
11. Umsjónarmaður yngri flokka starfar á vegum Barna- og unglingsaráðs og sinnir ýmsum formlegum verkefnum er varða æfingar og keppni yngri aldurshópa innan félagsins. Hann hefur yfirsýn og heldur utan um starfið þannig að það gangi snuðrulaust fyrir sig. Hann er tengiliður yngriflokkastarfssins við KKÍ, fylgist með og aðstoðar þjálfara við undirbúning og framkvæmd leikja og keppnisferða, svo sem að tiltækir séu og mættir tímanlega dómarar og starfsmenn ritaraborðs, að leikskýrslum sé skilað til KKÍ og úrslit skráð skv. reglugerðum sambandsins, og að öðrum formlegum verklagsreglum sé fylgt.
12. Aðrir þjálfarar bera ábyrgð á þjálfun þeirra flokka sem þeir eru ráðnir til að sinna. Þeir undirbúa tímaseðla fyrir æfingar, eru mættir tímanlega, taka á móti iðkendum og fylgja þeim úr hlaði. Þeir hafa samskipti við foreldra/forráðamenn reglulega og eftir þörfum, vinna náið með yfirþjálfara og viðkomandi ráði, sækja sér menntun skv. þjálfarastigum ÍSÍ og KKÍ eftir þörfum og sinna endurmenntun.

Markmið

Markmið Körfuknattleiksfélags Selfoss eru margþætt. Helsta markmið félagsins er að halda úti metnaðarfullu körfuknattleiksstarfi fyrir börn, unglingu og fullorðna. Félagið leggur mikið uppúr samstarfi við önnur körfuknattleiksfélög, sérstaklega nágrannafélögin á Suðurlandi. Selfoss-Karfa starfar í samræmi við stefnuyfirlýsingu ÍSÍ um barna- og unglingsáþróttir, sem má nálgast [HÉR](#)

Íþróttaleg markmið

Að skapa börnum og unglingum aðstæður til að stunda körfuknattleik undir stjórn hæfs þjálfara.

- Að yngriflokkastarfið sé samfellt frá yngstu flokkum til þeirra elstu.
- Að auka áhuga iðkenda á körfuknattleik og heilbrigðum lífsstíl.

- Að iðkendur læri að taka tillit til annarra og fari eftir þeim reglum sem félagið setur.
- Að iðkendur læri undirstöðuatriði körfuknattleiks.
- Að þátttaka í félagsstarfi félagsins sé skemmtilegt og gefandi.
- Að skapa velvild í garð Selfoss Körfa hjá iðkendum og foreldrum, án tillits til köfuknattleikshæfileika.
- Ala upp öfluga stuðningsmenn, dómara og stjórnamenn félagsins.
- Að gefa áhugasönum og efnilegum þjálfurum tækifæri, ala þá upp og efla í starfi.
- Að þjálfunin skili leikmönnum upp í meistaraflokk félagsins.

Markmið í samstarfi við önnur félög

Körfuknattleiksfélag Selfoss hefur mikinn áhuga á því að starfa með öðrum íþróttafélögum á Suðurlandi. Ein birtingamynd þess samstarfs er að taka við ungu körfuknattleiksfólki frá byggðunum í kring í akademíu félagsins, þegar það kemst á framhaldsskólaaldur og hefur nám við Fjölbautaskóla Suðurlands.

Selfoss-Karfa leitast eftir því að eiga í sem bestu samstarfi við umrædd félög á víðum grundvelli. Sem dæmi má nefna sameiginlegar, opnar æfingar til skiptis á heimavelli félaganna í bæjunum í kring, körfuboltabúðir, þjálfara- og dómaranámskeið o.s.frv. en einnig venslasamninga milli félaganna þar sem ungmenn geta leikið með hinum félögum, eftir fjölda iðkenda og aðstæðum hjá hverju félagi hverju sinni. Með því fá þeir aukna reynslu og tækifæri sem þeim hugsanlega ekki bjóðast í sínu uppeldisfélagi, og félögin fá þá unga, spennandi leikmenn sem gætu hjálpað féluginu að ná betri árangri í deildarkeppni.

Félagsleg markmið

Körfuknattleiksfélag Selfoss leggur áherslu á að veita ungu fólk tækifæri til þess að stunda körfuknattleik í öruggu félagslegu umhverfi. Í yngstu aldursflokkunum er öllum leikmönnum gefið tækifæri og skiptir þar miklu máli að iðkendur fái verkefni við hæfi. Samstaða, liðsheild og skemmtun eru hugtök sem skipta miklu máli fyrir Körfuknattleiksfélag Selfoss og vinna þjálfarar félagsins í samræmi við það.

Félagið leggur áherslu á að bjóða upp á fjölbreytta fræðslu fyrir félagsmenn, jafnt forráðamenn, stjórnamenn og iðkendur.

Fjármálaleg markmið

Stefna Selfoss-Körfa er að félagið sé rekið af ábyrgð og sýni hallalausan rekstur á hverju ári fyrir sig. Allir samningar sem gerðir eru skulu standast, sem og skil á greiðslum. Allur rekstur félagsins skal vera sýnilegur og í samræmi við lög í landinu. Fjárhagsleg staða félagsins skal ávallt vera jákvæð og þannig að hún geti stutt við uppbyggilegt og árangursríkt starf félagsins. Stjórn félagsins færir bókhald samkvæmt reglum ÍSÍ um fjárreiður íþróttafélaga. Með því er til að mynda auðveldara að sjá kostnað hvers liðar fyrir sig. Þá er rekstur barna- og unglingsstarfs annars vegar og eldri iðkenda hins vegar aðskilinn að fullu og fjárhagurinn á tveimur bankareikningum. Allt bókhald félagsins er í umsjá gjaldkera, sem einnig situr í aðalstjórn félagsins, sér um greiðslu launa, reikninga og allar millifærslur af reikningum félagsins. Félagið nýtir þjónustu viðurkennds bökara við færslu bókhalds og gerð ársreiknings.

Stefna í þjálfun og aðstöðu

Stjórn Selfoss-Körfa leitast við að veita leikmönnum félagsins, sama í hvaða flokki þeir eru, fyrsta flokks aðstöðu og þjálfun. Leikmenn félagsins hljóta þannig ákveðið uppeldi, sem hjálpar þeim að ná enn lengra í því sem þeir taki sér fyrir hendur.

Aðstaðan sem Selfoss-Karfa hefur yfir að ráða er mjög góð. Er það markmið félagsins að geta haldið áfram að bjóða upp á fyrsta flokks umhverfi sem hjálpi ungum, áhugasönum leikmönnum að ná enn lengra í íþróttinni og bæta aðstöðu jafnt og þétt, eins og aðstæður leyfa.

Markmið í þjálfun eru breytileg eftir aldri iðkenda. Mikið er lagt upp úr gleði og jafnri þáttöku leikmanna í yngstu flokkunum. Mikilvægt er að þjálfarar þeirra flokka séu fyrir-myndir í hegðun og framkomu, hvernig þeir nálgast íþróttina og hvernig þeir koma fram við leikmenn, aðra þjálfara og starfsmenn íþróttahúsa, svo dæmi séu tekin.

Í þjáfuninni er mesta áherslan lögð á grunnatriði íþróttarinnar; sniðskot, knattrak, stutt stökkskot og sendingar. Fyrstu árin er mest áhersla lögð á sóknarleikinn, en eftir því sem leikmenn ná lengra í íþróttinni er meiri áhersla lögð á vörnina. Ástæðan fyrir því er sú að á fyrstu árum ferils leikmanna skiptir mestu máli að byggja upp hæfni í íþróttinni, bæði vegna þess að þeir eru móttækilegri fyrir slíkum æfingum og vegna þess að með því að verða færari í tækniatriðum fá þeir aukinn áhuga á íþróttinni og geta stundað æfingar sjálfir og náð þannig enn lengra.

Á yngstu stigum skiptir einnig miklu máli að kenna leikmönnum æfingar og skotleiki sem þeir geta stundað sjálfir utan hefðbundinna æfinga og þannig aukið færni sína enn frekar.

Áhersla er lögð á að byggja upp áhuga yngstu iðkendanna og skal hvetja þá til þess að mæta á leiki meistaraflokks félagsins, t.d. með því að veita þeim aðgang að leikjunum án endurgjalds.

Þegar leikmenn eldast breytast áherslur og þjálfunin verður meira miðuð út frá keppni en mikil áhersla er áfram á það að öllum sé velkomið að æfa, hver sem metnaður þeirra til árangurs eða afreka í íþróttinni kann að vera.

Félagið heldur körfuboltabúðir, opið körfuboltanámskeið við upphaf starfsársins að hausti, undir stjórn yfirþjálfara, þar sem leitast er við að efla áhuga innan félagsins og á starfssvæði þess enn frekar. Lögð er áhersla á að fá utanaðkomandi kennara á námskeiðið svo iðkendur kynnist fjölbreyttum þjálfunaraðferðum og ólíkum áherslum. Félagið leggur áherslu á alþjóðleg tengsl og kappkostar að fá til liðs við sig færa þjálfara sem víðast að.

Megin áherslur í þjálfun barna 5-8 ára (minnibolti)

- **Grunnhreyfifærni:** Unnið er mikið með lipurð, jafnvægi og samhæfingu. Þá er rétt hlaupatækni kennd auk hraða og stefnubreytingar. Börnin læra að hoppa og lenda rétt. Þá er samhæfing tengd körfuknattleik kennd, sem og „jump stop“ og „1-2 stop“.
- **Knattrak:** Börnin læra að rekja á staðnum sem og á hlaupum. Þau læra að rekja með hægri og vinstri. Unnið er með stefnubreytingar og hraðaaukningar með bolta. Þau læra að taka af stað með bolta og að stoppa eftir knattrak á ferð.
- **Sendingahæfni:** Unnið er með sendingar á staðnum og á ferð. Bæði er unnið með sendingar með báðum höndum sem og sendingar með annarri höndinni. Þau læra að grípa boltann með báðum höndum, hafa augu á boltanum og fæturna tilbúna – „þrefold ógnun“.
- **Skotttækni:** Helstu atriði í skotttækni eru kennd svo sem að fætur og axlir snúi að körfu, spryrna með báðum fótum þegar skotið er og fylgja á eftir með úlnlið. Þá eru sniðskot kynnt fyrir þeim og þau þjálfuð.
- **Varnarleikur:** Hjá þessum yngstu er kennt hvenær leikmaður sé í vörn og að einn varnarmaður dekki einn sóknarmann. Þeim er kennt að verjast sóknarmönnum án þess að rífa boltann af andstæðingnum. Þá læra þau að vera á milli manns og körfu þegar þau dekka mann í vörninni.

Megin áherslur í þjálfun barna 9-11 ára (minnibolti)

- **Grunnhreyfifærni:** Unnið er áfram með sömu þætti og hjá 6-8 ára. Þá er bætt við færnina og hún leiðrétt.

- **Knattrak:** Börnin læra að rekja á staðnum sem og á hlaupum. Þau læra að rekja með hægri og vinstri sem og með tveimur boltum í einu. Unnið er með stefnubreytingar og hraðaaukningar með bolta. Þau læra að taka af stað með bolta og að stoppa eftir knattrak á ferð. Þau læra að rekja boltann og horfa upp um leið og sjá völlinn. Einnig er unnið með að taka af stað úr þrefaldri ógnun.
- **Fótavinna:** Unnið er með „stjörnuskref“ (pivot - hreyfa einn fót á meðan hinn snertir gólfs,) bæði áfram og afturábak, og að nota bæði hægri og vinstri fót. Áfram er unnið með „jump stop“ og „1-2 stop“.
- **Sendingahæfni:** Áfram er unnið með grunnsendingarnar sem kenndar eru 6-8 ára en auk þess eru kenndar langar sendingar (baseball sendingar). Einnig er unnið með sendingar og grip gegn andstæðingi.
- **Skottækni:** BEEF (balance, eyes, elbow, follow through) hugtakið er kynnt fyrir þeim og tæknatriði skottækninnar verða nákvæmari. Meiri áhersla er lögð á að þau geti notað báðar hendur við sniðskot auk þess sem önnur afbrigði sniðskots eru kennd.
- **Hreyfing án bolta:** Börnin læra að hreyfa sig til þess að fría sig frá andstæðingi og koma á móti sendingu. Þá er þeim kennt að lesa vörnina og hreyfa sig til þess að skapa pláss á vellinum (spacing).
- **Varnarleikur:** Unnið er með varnarstöðu og hvernig á að hreyfa sig í varnarstöðunni. Þeim er kennt að vera á milli manns og körfu. Þá er farið yfir vörn á boltamann og halda bili á milli sóknar- og varnarmanns.

Megin áherslur í þjálfun barna 12-15 ára

- **Grunnhreyfifærni:** Áfram er unnið með áður áunna færni og hún þróuð enn frekar.
- **Knattrak:** Bætt er við knattrakstæknina með því að auka hraðann og æfa vald á bolta undir pressu. Áfram er unnið með stefnu- og hraðabreytingar og unnið með báðum höndum. Þau læra að taka réttar ákvarðanir með boltann. Unnið með að horfa alltaf upp þegar rakið er.
- **Sendingahæfni:** Unnið er með að senda og taka á móti boltanum af meiri krafti. Gabbhreyfingar fyrir sendingar eru þráðar enn frekar. Þau læra að grípa og senda gegn vörn. Þá læra þau að lesa í aðstæður og hvernig á að bregðast við með mismunandi sendingarafbrigðum.
- **Skottækni:** Unnið enn frekar með BEEF. Vinna í því að ná sem bestri skottækni hvers og eins. Skot eftir knattrak og skot eftir sendingu er þráð enn frekar. Unnið áfram með margar gerðir af sniðskotum. Æfa og finna vítaskotsrútinu fyrir hvern og einn.

Skot æfð við eins fjölbreyttar aðstæður og hægt er. Alltaf lögð áhersla á rétta skottækni.

- **Varnarleikur:** Hugtökin „vörn á bolta“, „sterk“ og „veik hlið“ og „hjálparvörn“ kynnt. Leikmenn læra mismunandi varnarstöður eftir því hvort þeir spila vörn á bolta eða vörn frá bolta. Í vörn á bolta er lögð áhersla á: Að halda jöfnu bili milli sóknar- og varnarmanns og setja boltapressu. Þá eru hugtökin „close-out“ og „contest“ kynnt. Einnig er vörn gegn boltahindrun kennd. Í vörn frá bolta er lögð áhersla á: Réttar varnarstöður, yfirdekkun kynnt, sem og hugtökin „hjálp“, „rotate“ og „recovery“. Einnig er farið yfir vörn gegn hindrun frá bolta. Þá er læra þau að stíga út og taka varnarfrákast. Leikmenn læra að spretta til baka í vörnina og verja körfuna.
- **Umskipti úr vörn í sókn (transition offense):** Hlaupalínur kenndar og notkun „outlet sendingar“ undirstrikuð. Læra að lesa rétt úr yfirtölu í sókninni. Allir leikmenn læra allar stöður í „transition“ og mikil áhersla á boltahreyfingu.
- **Leikfræði**
 - **Sóknarhugtök:** lesa og bregðast við vörn, 1 á 1, „penetration principles“ (nota knattrak og sendingar skynsamlega ásamt hreyfingu án bolta), „spacing“, „cutting“, hindranir á og frá bolta, boltahreyfing, frákost og samskipti við liðsfélaga á velli.
 - **Varnarhugtök:** vörn á bolta, vörn frá bolta, liðsvörn, fara í öll skot, frákost (stíga út) og samskipti við liðsfélaga á leikvelli.

Áherslur í þjálfun 16 ára og eldri

Á þessu stigi þarf að veita íþróttamanninum sérhæfða þjálfun í hárri ákefð 12 mánuði á ári. Oft er helsta hindrunin á þessu stigi að læra að keppa af krafti óháð aðstæðum. Íþróttamenn hafa núna getu til að framkvæma bæði grunn- og þróaðri færni (e. sport-specific) í mismunandi keppnisaðstæðum á æfingum. Leggja skal sérstaka áherslu á sem bestan undirbúning íþróttamanna, bæði í þjálfun og keppni. Íþróttamenn verða meiri þátttakendur í undirbúningi fyrir eigin þjálfun á þessu stigi.

Prekþjálfun, skipulag endurheimtar eftir æfingar og leiki, andlegur undirbúningur og þróun tæknilegrar hæfni íþróttamanna er nú unnin enn meir á einstaklingsgrunni en áður var. Með einstaklingsnálgun er unnið betur með styrk og veikleika hvers og eins. Á þessu stigi munu þeir íþróttamenn sem er alvara með þjálfuninni verða einbeittari og ákveðnari í að verða eins góðir og hæfileikar þeirra leyfa. Íþróttamenn þurfa þá talsverða endurgjöf varðandi tækni

og taktík til að geta þróað sína hæfileika áfram. Miklu máli skiptir að íþróttamenn æfi íþrótt sína af miklum krafti (e. intensity) og þjálfarar þurfa að ögra þeim svo framfarir náist.

Á þessu stigi á að vinna í því að auka sköpunarhæfni leikmanna. Sköpunarhæfni verður þar hluti af lykilfærni leikmanns og gæta þarf að því að takmarka ekki möguleika leikmanna til að þróa og nota sköpunargleðina í leikjum og æfingum. Leikmenn kynnast og mörgum flóknari tæknatriðum sem gerir þeim kleift að byrja að sérhæfa sig sem leikmenn, svo framarlega sem góður tæknilegur grunnur hefur verið byggður. Leikmenn kynnast líka mörgum leikkerfum á þessu stigi, bæði í vörn og sókn.

Á þessu aldursbili eykst æfingamagn umtalsvert og skulu 11., drengja- og stúlknaflokkur æfa minnst 510 mínútur í viku hverri, auk minnst tveggja styrktar og þrekæfinga utan venjulegra körfuboltaæfinga. Þeir leikmenn sem ætla að ná árangri þurfa að æfa undir miklu á lagi, allt að 650 mínútur á viku. Taktík og stöðuþjálfun eru farin að skipa stærri sess í þjálfun leikmanna á þessum aldri, en engu að síður verður að halda áfram að vinna með grunnatriði íþróttar til að gefa leikmönnum sem eru að koma upp úr yngri flokkum tækifæri að verða að meistarafloksleikmönnum þegar fram líða stundir.

Megináherslur í starfi Körfuknattleiksakademíu Selfoss-Körfu við FSU

Körfuknattleiksfélag Selfoss rekur Akademíu við Fjölbautaskóla Suðurlands. Akademían er hluti af námsframboði skólans og fer kennsla fram innan stundatöflu á skólatíma og fá nemendur framhaldsskólaeiningar fyrir nám í akademíunni. Félagið var upphaflega stofnað utan um rekstur akademíunnar og hún er því mikilvægur þáttur í starfseminni, litið er á hana sem kjarnann í faglegum metnaði félagsins. Meginmarkmið Körfuknattleiksakademíunnar eru

- að hjálpa iðkendum við ástundun og veita þeim aðhald í námi
- að iðkendur nái árangri í íþróttum
- að bæta undirstöðuatriði nemenda í körfuknattleik
- að gefa ungum, metnaðarfullum leikmönnum af báðum kynjum frábært tækifæri til að bæta sig með því að vinna einstaklingslega í veikleikum sem alla jafna gefst líttill tími til að gera á hefðbundnum liðsæfingum
- að vinna markvisst að samstarfi við akademíur erlendis og skóla í Bandaríkjunum
- að útskrifa sem flesta nemendur og koma þeim sem áhuga hafa í áframhaldandi nám, hvort sem er á Íslandi eða á skólastyrk erlendis
- að nemendur akademíunnar og leikmenn félagsins fái alla þá aðstoð og stuðning sem þarf til bæta sig í námi og íþróttum

- að iðkendur stundi holla lífshætti, ekki síst hvað mataræði varðar
- að iðkendur neyti ekki áfengis, tóbaks eða annara vímuefna á meðan þeir eru skráðir í nám og stunda æfingar á vegum Körfuknattleiksfélags Selfoss.

Leiðir:

- Hver hópur innan akademíunnar æfir skv. stokka- og stundatöflu Fjölbautaskóla Suðurlands um kennslustundir og eru grunnæfingar í stundatöflu nemenda. Námið í akademíunni er einingabært í framhaldsskólakerfinu á námsferli nemenda, eins og hvert annað nám.
- Nemendur akademíunnar fá mikinn tíma einstaklingslega með þjálfara til þess að bæta sig í íþróttinni.
- Hver nemandi er metinn eftir getu og eigin þörfum í upphafi hverrar annar.
- Akademíán er opin öllum, hvort sem leikmaður spilar með liðum Selfoss Körfa eða ekki.
- Að bjóða upp á frábæra aðstöðu fyrir körfuknattleik, aðstöðu fyrir styrktaræfingar, slökun og leikmannafundi, vídeoefundi og aðra samveru.
- Að nemendur hafi gott aðgengi að starfsfólki og stjórn félagsins. Yfirþjálfari og stjórn félagsins eru með skrifstofu í Íþróttahúsi Vallaskóla, heimavelli félagsins. Þjálfarinn, sem jafnframt er stjórnandi akademíunnar, er við þar á skólatíma og aðgengilegur á öðrum tímum. Fluutrúi stjórnar félagsins í akademíuráði er sýniligur og í sambandi við nemendur, gerir sér far um að fylgjast með námsframvindu þeirra í akademíunni sem og í öðru námi, hefur samband við foreldra/forráðamenn þeirra og er tengiliður nemenda milli þjálfara, annarra kennara og skólayfirvalda ef/þegar nauðsyn krefur.
- Að aðstoða nemendur eftir þörfum, jafnt í bóklegu námi sem körfubolta. Ef nemendur þurfa á hjálp að halda í bóklegu námi geta þeir leitað til starfsmanna akademíunnar eða stjórnar félagsins.
- Ef nemendur hafa þann metnað sem til þarf að komast í áframhaldandi nám í gegnum körfuknattleik er félagið með sterk sambönd við skóla erlendis og mun aðstoða þá á allan hátt við að uppfylla þann metnað.
- Nemendur akademíunnar skrifa undir samkomulag í upphafi hvers skólaárs þar sem þeir skuldbinda sig til metnaðarfullrar ástundunar og að neyta ekki áfengis eða vímuefna.

Umgjörð þjálfunar og keppni

Umgjörð leikja

Keppnisfyrirkomulag í yngstu flokkum á Íslandsmótinu í körfuknattleik er þannig að fjögur til fimm fjölliðamót eru haldin ár hvert. Á þeim móturnum sem haldin eru á vegum félagsins þarf það að útvega dómara, auk þess að manna ritaraborð. Yngriflokkaráð sjá um framkvæmd slíkra móta og leikmenn meistaraflokks um dómgæslu eins og aðstæður leyfa. Leitast skal við að þjálfari þess flokks sem heldur mótið þurfi ekki að sinna dómgæslu eða öðrum störfum í mótinu, öðrum en að hugsa um sitt lið. Eldri iðkendur leika oftast heima og að heiman en ekki á helgarmótum. Yngriflokkaráð og þjálfarar hvers hóps bera ábyrgð á framkvæmd leikja og ferðalögum í útileiki.

Umgjörð æfinga

Eins og áður hefur komið fram leggur félagið mikla áherslu á að veita bestu hugsanlegu aðstöðu til körfuknattleiksíðkunar. Þjálfarar skulu skipuleggja æfingar fyrirfram og hafa bestu hjálpartæki hverju sinni til umráða.

Mikilvægt er að allir iðkendur Selfoss-Körfa fái tækifæri til þess að bæta upp fyrir mistök sín, innan vallar sem utan, en þó eru ákveðin skýr mörk sem allir þurfa að gera sér grein fyrir að ekki megi fara yfir, t.d. ofbeldi, áfengis- og vímuefnaneysla og fleira sem ógnar öryggi gerandans og annarra.

Mikilvægt er að vinna eftir ákveðnum gildum og er það stefna Selfoss-Körfa að gefa leikmönnum sjálfum tækifæri á því að velja sín eigin gildi og reglur í sameiningu.

Þjálfarar

Menntun þjálfara

Selfoss-Karfa leitast við að ráða vel menntaða og hæfa þjálfara. Þær kröfur eru gerðar til þjálfara að þeir sæki sér menntun á undirbúningstímabili, í samræmi við þjálfarastig ÍSÍ og KKÍ, og leggi hart að sér við að uppfæra þekkingu sína svo hún sé í takt við það sem nýjast er hverju sinni í heimi körfuboltans.

Ýmsar leiðir eru til þess að afla sér menntunar á sviði þjálfunar:

- ÍSÍ námskeið.
- Þjálfaranámskeið á vegum KKÍ.
- Þjálfaranámskeið á Netinu.
- Þjálfaranámskeið erlendis.

- Dómaramámskeið.
- Þjálfaranámskeið og fyrirlestrar á vegum annara félaga.

Félagið gerir kröfur til þjálfara sinna en félagið mun að sama skapi aðstoða þá við að uppfylla þær kröfur, m.a. með því að styrkja þjálfara til endurmenntunar og að ráða aðstoðarþjálfara fari fjöldi iðkenda í hópi yfir 15 einstaklinga.

Þeir leikmenn félagsins sem leggja stund á nám við Fjölbautaskólann, og eru skráðir í akademíu félagsins, munu hljóta kennslu í þjálfun og munu útskrifast sem slíkir frá féluginu.

Félagsstarf

Stefna Selfoss-Körfa í félagsstarfi er að allir aldursflokkar eigi með sér félagsstarf utan hefðbundinna æfingatíma. Framkvæmd félagsstarf er á ábyrgð þjálfara og foreldra en æskilegt er að 3-4 sinnum hittist flokkarnir utan æfinga.

Meginhluti skipulagðs félagsstarfs utan æfingatíma er skipulagt af þjálfara og foreldrafélagi hvers flokks fyrir sig. Umsjónaraðilar hvers flokks setja upp áætlun að hausti um félagsstarfið en margt skemmtilegt er hægt að gera s.s. „pizzakvöld“, spilakvöld, bingó, bíóferðir, útvist, skemmtikvöld, foreldrakvöld eða einfaldlega hópferðir á leiki meistaraflokks, úrslitaleiki á Íslandsmótum og bikarkeppnum, landsleiki o.s.frv.

Yfirþjálfari yngriflokkastarfs félagsins sér svo um skipulagningu á tveimur stórum viðburðum yfir tímabilið. Sá fyrri er í desember, áður en yngri flokkar halda í jólafrí, t.d. jólaball með körfuboltalegu ívafi, jolasveinaæfing o.s.frv. Seinni stóri viðburðurinn er lokahóf félagsins, þar sem komið verður saman í íþróttasal og keppt í skemmtilegum leikjum, sem henta öllum aldurshópum, sem og foreldrum, og gjarnan endað með grillveislu.

Foreldrastarf

Mikilvægur þáttur íþróttastarfs er að virkja foreldra iðkenda. Að reka öflugt félag krefst mikillar vinnu og eftir því sem álagið er dreifðara, þeim mun meira getur hver og einn einstaklingur lagt sig fram við að sinna sínu hlutverki. Liður í því að dreifa ábyrgðinni og fjölga sjálfboðaliðum er foreldraráð yngri flokka. Foreldraráð er skipað í hverjum flokki fyrir sig, svipað og gengur og gerist í grunnskólum landsins. Þrí til fimm einstaklingar koma saman og mynda ráð. Foreldraráð eru til staðar í öllum yngri flokkum félagsins og eru meginhlutverk þeirra eftirfarandi:

- Skipuleggja skemmtikvöld í samstarfi við þjálfara.
- Íhuga hvaða félagsmót (mót utan Íslandsmóts) flokkurinn vill taka þátt í.

- Skipuleggja fjáraflanir (t.d. sjoppu á þeim fjölliðamótum sem Selfoss-Karfa heldur).
- Huga að utanlandsferðum (í ákveðnum flokkum).
- Foreldrararáð er tengiliður milli iðkenda, foreldra og þjálfara.
- Foreldrararáð sinna verkefnum sem koma að undirbúningi keppnisferða flokka.

Fræðsla og forvarnir

Félagið leggur mikla áherslu á að veita yngri kynslóðinni fræðslu og uppeldi þegar kemur að forvörnum. Þeir iðkendur félagsins sem eru skráðir í akademíuna, skrifa undir samning þar sem þeir skuldbinda sig til þess að neyta ekki áfengis eða annara vímu- eða fíkniefna. Augljóst er að sú skuldbinding er þessum iðkendum mikilvæg til þess að ná auknum árangri í íþróttinni, en að sama skapi eru þeir fyrirmyn dir fyrir yngri leikmenn félagsins. Með þessu hefur ákveðin hefð skapast, til langstíma litið, sem gerir unga leikmenn Selfoss-Körfa ennþá móttækilegri fyrir forvarnastarfi og hjálpar þeim að standast óæskilegar freistigar sem á vegi þeirra verða á táningsaldri.

Mikilvægt er að fá foreldra með í fræðslustarfið og vinna það í sameiningu. Félagið vinnur eftir stefnuyfirlýsingu ÍSÍ um forvarnir og fíkniefni. Leikmenn meistaraflokks Selfoss-Körfa, sem ekki eru nemendur í akademíu félagsins, skuldbinda sig til þess að neyta hvorki áfengis né annarra vímuefna í tengslum við viðburði á vegum félagsins. Sérstaklega skal tekið fram að neysla munntóbaks/nikótínpúða í tengslum við leiki, æfingar eða aðra viðburði er með öllu bönnuð.

Forvarnateymi

Innan félagsins er starfandi forvarnateymi. Það er skipað formanni Barna- og unglingsaráðs, yfirþjálfara yngri flokka og einum fulltrúa úr stjórnum félagsins. Forvarnateymi tekur til skoðunar öll mál er varða einelti, kynferðislegt ofbeldi/áreiti, vímuefnanotkun, kynþáttaníð og annað ofbeldi/áreitni er upp kann að koma innan félagsins.

Vímuefnavarnarstefna

Neysla á tóbaki og vímuefnum

Félagið er andvígít allri vímuefnaneyslu meðal iðkenda og annara félagsmanna sem að íþróttastarfi á vegum félagsins koma. Öll neysla tóbaks og vímuefna er bönnuð í tengslum við æfingar og keppni á vegum félagsins.

Viðbrögð félagsins við neyslu iðkenda

Félagið mun bregðast sérstaklega við allri neyslu tóbaks og vímuefna iðkenda undir 18 ára aldri og mun forvarnateymi upplýsa foreldra um slíka neyslu. Þegar um sjálfráða einstaklinga er að ræða bregst félagið við neyslu þeirra á vímuefnum og tóbaki þegar það hefur áhrif á ástundun, frammistöðu og ímynd félagsins. Viðbrögð félagsins við brotum á reglum þessum eru í formi tilmæla og ábendinga. Skili viðbrögð ekki árangri getur komið til banns frá æfingum og/eða keppni. Viðbrögð félagsins mótask af vilja til að aðstoða iðkandann við að laga sig að reglum og að hann haldi áfram að starfa innan félagsins.

Þjálfarar

Þjálfarar vinna eftir vímuvarnarstefnu félagsins, þar með talið að bregðast við vímuefnaneyslu iðkenda á viðeigandi hátt. Félagið sér þjálfurum fyrir fræðslu um áhrif vímuefnaneyslu á árangur í íþróttum sem þjálfarar miðla áfram til iðkenda. Þjálfarar framfylgja stefnu félagsins varðandi samstarf við foreldra og aðra aðila sem sinna málefnum barna og unglings.

Samstarf við foreldra

Félagið upplýsir foreldra um stefnu félagsins í vímuvörnum. Félagið mun standa að góðu samstarfi við foreldra iðkenda með fræðslu um neikvæð áhrif tóbaks og annara vímuefna á árangur í íþróttum, auk fræðslu til foreldra um þjálfun og æskilegt mataræði.

Samstarf við aðra aðila sem sinna málefnum barna og unglings

Félagið mun hafa náið samstarf við aðila sem sinna tómstundastarfi barna og unglings. Félagið mun hafa samstarf við fagaðila sem sinna börnum og unglungum, fá frá þeim fræðsluefni og hafa samráð við einstaklinga í áhættuhópum.

Virðing, samskipti og vinátta

Körfuknattleiksfélag Selfoss leggur mikla áherslu á vináttu, góð samskipti og gagnkvæma virðingu innan vallar sem utan. Einelti er ekki liðið. Iðkendum á að finnast íþróttaiðkun skemmtileg og finna fyrir velliðan. Mikilvægt er að þjálfarar hvetji iðkendur með jákvæðum og uppbyggjandi hætti og að iðkendur temji sér að hrósa hvor öðrum þegar vel er gert.

Nauðsynlegt er að byggja upp jákvæðan félagsanda, stuðla að vináttu og efla liðsanda og á sama tíma að iðkendur hafi gaman af líðandi stundu. Gagnkvæm virðing er mikilvæg í öllum samskiptum innan félagsins, hvort sem um er að ræða samskipti milli eða innan

stjórnar, þjálfara, iðkenda, foreldra/forráðamanna iðkenda, styrktaraðila eða annarra samstarfsaðila.

Eineltisstefna Selfoss Körfu

Einelti er síendurtekið ofbeldi þar sem einn eða fleiri níðast á eða ráðast síendurtekið á einstakling/einstaklinga. Ofbeldið getur verið félagslegt, líkamlegt, andlegt eða efnislegt.

- Félagslegt: einstaklingur er skilinn útundan, er strítt, lítið gert úr honum eða gerðar særandi athugasemdir í formi svipbrigða, andvarpa, eftirherma og þess háttar.
- Líkamlegt: einstaklingur er umkringdur, spaskað í hann, hann hárreittur, klippinn og þess háttar. Einstaklingur er lokaður inni eða honum haldið föstum.
- Andlegt: einstaklingur er þvingaður í eitthvað sem stríðir gegn réttlætiskennd hans, sem dæmi má nefna að girða niður um hann eða að hann er þvingaður til að eyðileggja eigur annara. Einstaklingur fær neikvæð skilaboð (SMS, Snapchat, vefpóst og þess háttar) og hótanir.
- Efnislegt: eigur einstaklings (til dæmis íþróttaföt, taska, skór, búnaður eða föt) eru ítrekað eyðilögð, falin eða tekin.

Ferli eineltismála

1. Grunur um einelti
2. Einelti er tilkynnt til forvarnateymis félagsins sem metur alvarleika málsins og vísar því ef ástæða þykir áfram til viðbragðshóps vegna eineltismála/fagaðila á vegum Sveitarfélagsins Árborgar.
3. Viðbragðshópur sýnir viðbrögð
 - a. Rannsókn á málínu hefst
 - a.i. Rætt við þolanda um hans upplifun og lýsingu á atvikum og það skráð niður. Kannað hvort möguleg vitni séu til staðar að mati þolanda
 - a.ii. Ræða við meintan geranda um hans upplifun og lýsingu á atvikum og það skráð niður. Kanna hvort möguleg vitni séu til staðar að mati geranda
 - a.iii. Ræða við meint „vitni“ um upplifun, lýsingar á atvikum og hverjur hafa verið viðstaddir atvikin og það skráð niður.
 - b. Mat á niðurstöðum
 - b.i. Farið yfir þær upplýsingar sem liggja fyrir

- b.ii. Metið hvort atvikið teljist sem einelti samkvæmt skilgreiningu eineltis (sjá ofar)
- b.iii. Við þetta mat er nauðsynlegt að njóta aðstoðar fagaðila
- c. Farið í aðgerðir
 - c.i. Ef atvik telst ekki vera formlegt einelti eða ef atvik telst ekki nægjanlega vel upplýst er mikilvægt að greiða úr samskiptum og gefa skilaboð um samskipti innan félagsins.
 - c.ii. Ef atvik telst vera formlegt einelti þarf að meta afleiðingar geranda
 - c.iii. Brottrekstur úr félagini
 - c.iii.1. Fái gerandi einungis tiltal og verði áfram hjá félagini þarf að gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir endurtekið einelti.
 - c.iii.2. Styðja þarf við þolanda eineltis

Þjálfarar skulu gæta þess sérstaklega að tryggja aga og reyna eftir bestu getu að koma í veg fyrir einelti. Í því skyni skal þjálfari eða staðgengill hans vera mættur tímanlega á æfingar og fylgja sínum hópi til búningsklefa og vera til staðar meðan iðkendur hafa fataskipti ef því verður við komið.

Þjálfarar reyna eftir fremsta megni að koma í veg fyrir alla þá þætti sem geta dregið úr vináttu, virðingu og góðum samskiptum. Þjálfarar hafa samráð við yfirþjálfara telji þeir ástæðu til að bregðast við aðstæðum iðkenda sem draga úr vináttu, virðingu og góðum samskiptum og þjálfari er að sama skapi hvattur til að ræða slík mál við iðkendur sína ásamt yfirþjálfara. Þjálfari og yfirþjálfari eru hvattir til að bregðast við atvikum sem þeir telja alvarleg með því að koma sér í samband við foreldra/forráðamenn iðkenda.

Ef foreldrar/forráðamenn verða varir við einelti eða óviðeigandi hegðun utan æfinga sem gæti haft áhrif á eða teygt anga sína inn á þær eru þeir hvattir til að láta þjálfara vita til að koma í veg fyrir að atvikin komi upp á æfingum og þeir séu í stakk búinir að takast á við einelti ef það kemur upp.

Sé eineltismál af þeirri erfiðleikagráðu að það fæst ekki leyst innan félagsins skal leita til Samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsstarfs ríkisins.

Kynferðislegt ofbeldi

Félagið vill með öllum ráðum koma í veg fyrir að kynferðislegt ofbeldi geti átt sér stað innan félagsins eða í tengslum við starfsemi þess. Fræðslumálum verður hagað með þetta í huga og því verður starfsfólk frætt um hugsanleg merki um kynferðislegt ofbeldi ásamt því að fræða það um hvernig hægt sé að komast hjá því að slíkt ofbeldi muni eiga sér stað og eins hvernig bregðast eigi við ef slíkt mál kemur upp. Ef grunur um kynferðislegt ofbeldi vaknar hjá félaginu tekur forvarnateymi félagsins málið til skoðunar og, ef nauðsyn krefur, leitar til samskiptaráðgjafa íþrótt- og æskulýðsstarfs ríkisins og viðeigandi fagaðila hjá Sveitarfélaginu Árborg og málið sett í ferli með fagaðilum á sama hátt og eineltismál.

Sjá einnig góð ráð og leiðbeiningar í bækling frá ÍSÍ um kynferðislegt ofbeldi í íþróttum:

https://issuu.com/ithrotta-ogolympiusambandislands/docs/kynfer_islegt_ofbeldi_r_ttum

Jafnréttismál

Allir einstaklingar innan Selfoss Körfu skulu eiga jafna möguleika að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kynferði eða kynþætti. Til að stuðla að jafnrétti kynja og kynþáttu leggur Selfoss Karfa áherslu á;

- að jafnréttissjónarmiða sé gætt í hvívetna í starfinu og að hvers kyns kynja eða kynþáttamismunun verði ekki liðin.
- að veita öllum kynjum tækifæri á að æfa jafn mikið og jafn oft og gera engan greinarmun á kynjum við útdeilingu æfingatíma.
- að hafa vel menntaða og hæfa þjálfara í öllum flokkum. Gerðar eru sömu ráðningarkröfur og sömu laun eru greidd fyrir sambærilega vinnu þjálfara allra kynja.
- að iðkendur, félagsmenn og starfsmenn hafi ekki uppi orð eða athafnir sem líta má á sem kynþáttu- eða kynjamisrétti, hvort sem um ræðir einstaklinga eða hópa innan eða utan félagsins. Áhersla er lögð á að iðkendur og aðrir félagsmenn geri ekki athugasemdir við litarhátt, talsmáta eða annað í fari iðkenda, ættingja þeirra eða keppinauta sem skilja má sem særandi athugasemd um uppruna þeirra.
- að iðkendur og aðrir félagsmenn séu meðvitaðir um menningarmun, hugsanlega vanþekkingu innflytjenda á íslenskum aðstæðum og úrræðaleysi gagnvart þeim
- að iðkendur og aðrir félagsmenn leggi sig fram um að aðstoða innflytjendur að laga sig að félagsstarfi Selfoss-Körfu.

Sjá einnig Jafnréttisáætlun Selfoss-Körfu (**setja hlekk á vefinn, undir stefnur**)

Umhverfismál

Selfoss-Karfa fylgir gildandi stefnu ÍSÍ í umhverfismálum og sýnir umhverfi sínu ávallt tilhlýðilega virðingu. Góð umgengni í íþróttahúsi og í umhverfi þess er tilvalinn upphafspunktur að slíkri fræðslu. Félagið lítur á það sem hluta af sinni ábyrgð að kenna ungmennum að halda heimavelli félagsins og umhverfi hans snyrtilegu. Félagið mun kappkosta að ruslatunnur séu til staðar í kringum heimavöll þess og æfingasvæði og verða áhorfendur uppræddir um staðsetningu þeirra, innan sem utandyra. Aukin umhverfisvitund félagsmanna Selfoss-Körfu er eithvað sem skiptir máli í því íþróttalega uppeldi sem fram fer innan félagsins. Stefna Selfoss-Körfu er að vera fyrirmynnd annarra þegar kemur umhverfismálum.

- Iðkendur og foreldrar eru hvattir til að hjóla eða ganga á æfingar sér til heilsubótar til að minnka útblástur frá bílum.
- Pappírsnotkun er takmörkuð eins og kostur er.
- Ótímabær endurnýjun búninga er fyrirbyggð með sérstakri meðhöndlun.
- Notkun einnota vara er í lágmarki eins og kostur er.
- Iðkendur, foreldrar og aðrir í starfsemi félagsins nota ruslafötur á æfinga- og keppnissvæðum.
- Endurnýtanlegar umbúðir sem falla til í starfsemi félagsins eru flokkaðar og þeim komið í endurvinnslu.
- Meðferð bolta og annars búnaðar sem félagið hefur afnot af í starfi sínu tryggi endingu þeirra.
- Foreldrar gæti þess við undirbúning keppnisferða að nesti sé pakkað sem mest í fjölnota umbúðir og takmörkuð verði notkun einnota umbúða.

Siðareglur

I. Almennt

1. Siðareglur þessar eiga við um alla starfsmenn Selfoss-Körfu. Orðið „starfsmaður“ á við alla þá er koma að starfi innan félagsins; þjálfara, sjálfboðaliða, stjórnarfólk, foreldra og aðra þá sem koma fram fyrir hönd þess. Stjórn ber ábyrgð á því að kynna siðareglurnar innan félagsins, að þær séu sýnilegar og í hávegum hafðar.
2. Siðareglur þessar byggja á siðareglum ÍSÍ, sjá nánar:
[\(http://www.isi.is/fraedsla/forvarnir/sidareglur/\)](http://www.isi.is/fraedsla/forvarnir/sidareglur/)

II. Siðareglur

1. Komdu fram af fullkomnum heilindum og láttu framkomuna endurspeglar viðhorf þitt til gilda félagsins, og grundvallarreglna og markmiða íþróttá- og Olympíuhreyfingarinnar.
2. Forðastu að upp komi sérhver sú staða sem leitt getur til hagsmunárekstra.
3. Vertu hlutlaus í samskiptum þínum við opinberar stofnanir, innlend og alþjóðleg samtök sem og önnur sambönd eða hópa í samræmi við grundvallarhugsjónir íþróttahreyfingarinnar.
4. Gættu þess að misbjóða ekki virðingu einstaklinga eða hópi einstaklinga t.d. hvað varðar kynferði, þjóðerni, kynþátt, litarhaft, menningu, tungumál, trúarbrögð, kynhneigð og stjórnsmálaskoðanir.
5. Tryggðu að persónuleg réttindi þeirra aðila sem þú ert í sambandi við og átt í samskiptum við f.h. félagsins séu varin, virt og tryggð.
6. Gerðu þér grein fyrir trúnaðarskyldum við störf.
7. Taktu ekki við gjöfum og hlunnindum ef verðmæti þeirra er umfram það sem eðlilegt getur talist. Gefðu heldur ekki gjafir eða veittu hlunnindi ef verðmæti þeirra er umfram það sem eðlilegt getur talist.
8. Piggðu aldrei mútur.
9. Taktu aldrei við umboðslaunum eða loforðum um umboðslaun, fyrir hvers konar samningagerð við skyldustörf.
10. Taktu aldrei, hvort heldur er með beinum eða óbeinum hætti, þátt í veðmálum, fjárhættuspílum, happdrætti og þess háttar viðburðum eða viðskiptum í tengslum við íþróttaviðburði sem þú getur haft áhrif á.

III. Hegðunarviðmið

Fyrir iðkendur

1. Gerðu alltaf þitt besta og berðu virðingu fyrir öðrum.
2. Kynntu þér reglur íþróttagreinarinnar og vertu háttvís í hvívetna.
3. Taktu þátt af því að það er gaman en ekki til að þjóna hagsmunum annarra; styrktaraðila, foreldra eða þjálfara.
4. Berðu virðingu fyrir bæði sam- og mótherjum.
5. Ekki láta í ljósi neikvæðar eða niðrandi athugasemdir gagnvart öðrum iðkendum, keppinautum, dómurum, þjálfurum og liðsstjórum, eða öðrum aðilum sem koma að íþróttastarfi með einum eða öðrum hætti.
6. Komdu fram við aðra eins og þú vilt að þeir komi fram við þig.
7. Gerðu þér grein fyrir því að þú ert fyrirmund þeirra sem yngri eru.

Fyrir þjálfara

1. Vertu iðkendum þínum góð fyrirmund og spornaðu gegn óíþróttamannslegrí og niðurlægjandi hegðun.
2. Skapaðu iðkendum tækifæri til að þroska og nýta hæfileika sína og gættu þess að æfingar hafi aldri og þroska.

3. Sýndu íþróttinni virðingu og virtu reglur hennar, venjur og siði. Stuðlaðu að því að iðkendur geri slíkt hið sama og kenndu þeim að virða dómar og keppinauta.
4. Hrósáðu iðkendum og taktu tillit til aldurs og þroska.
5. Komdu eins fram við alla iðkendur og líttu meira til færni en árangurs.
6. Misnotaðu ekki stöðu þína og vald með kynferðislegum tilburðum eða með öðrum hætti.
7. Sækta reglulega endurmenntun.
8. Leggðu þitt af mörkum til að skapa gott andrúmsloft og félagsleg tengsl.
9. Sýndu meiðslum og veikindum iðkenda tillitssemi.

Fyrir stjórnarmenn og starfsmenn

1. Stattu vörð um grunngildi félagsins og íþróttahreyfingarinnar.
2. Stuðlaðu að jöfnum tækifærum allra til þátttöku í íþróttum.
3. Stuðlaðu að því að sameiginlegum markmiðum íþróttta verði náð.
4. Stuðlaðu að því að formlegum og siðferðislegum reglum og venjum sé fylgt.
5. Virtu lýðræðisreglur og gagnsæi við ákvarðanatöku og stjórnaðu samkvæmt reglum um ábyrga fjármálastjórn.
6. Vertu til fyrirmynadar í framkomu.
7. Leystu ágreining og árekstra á sanngjarnan hátt og til samræmis við reglur og venjur félagsins og íþróttahreyfingarinnar.
8. Misnotaðu aldrei aðstöðu þína til að koma eigin hagsmunum á framfæri á kostnað annarra einstaklinga, félagsins eða íþróttahreyfingarinnar.

Fyrir foreldra og forráðamenn

1. Mundu að barnið þitt tekur þátt sín vegna, ekki þín vegna.
2. Hvettu barnið til þátttöku í íþróttum en ekki þvinga það.
3. Útskýrðu fyrir barninu að starfið fari fram eftir ákveðnum reglum og kenndu því að leysa úr ágreiningi.
4. Styddu og hvettu öll börnin, ekki bara þitt eigið.
5. Sýndu jákvæðni, líka þegar á móti blæs.
6. Berðu virðingu fyrir ákvörðunum dómar og annarra starfsmanna.
7. Berðu virðingu fyrir réttindum barna, aðlögun og manngildum - hvert barn er einstakt og þarfnað virðingar þinnar.
8. Upplýstu um stríðni og/eða áreitni.

Persónuverndarstefna

1. Almennt

Körfuknattleiksfélag Selfoss, kt. 550606-0890, Sólvolldum 2, 800 Selfoss (hér eftir „Selfoss-Karfa“) hefur einsett sér að tryggja áreiðanleika og öryggi persónuupplýsinga sem Selfoss-Karfa ber ábyrgð á og meðhöndlar í starfsemi sinni, í samræmi við gildandi lög og reglur um persónuvernd. Selfoss-Karfa ber ábyrgð á vinnslu og meðferð persónuupplýsinga í starfseminni ýmist sem ábyrgðaraðili eða vinnsluaðili. Persónuverndarstefnu þessari er ætlað að veita almenna fræðslu til einstaklinga um vinnslu persónuupplýsinga sem Selfoss-Karfa hefur með höndum sem ábyrgðaraðili.

2. Meginreglur Persónuverndar

Meginreglur persónuréttar fela meðal annars í sér að persónuupplýsingar séu áreiðanlegar og uppfærðar, unnar með lögmætum, sanngjörnum og gagnsæjum hætti ásamt því að unnið sé með þær samkvæmt skýrt tilgreindum og málefnalegum tilgangi. Einnig, að hófsemi sé gætt við skráningu persónuupplýsinga. Einnig að persónuupplýsingar séu varðveisittar með öruggum hætti og ekki lengur en þörf er á. Selfoss-Karfa leggur áherslu á að meginreglur persónuréttar séu virtar og ávallt hafðar í huga þegar persónuupplýsingar eru meðhöndlaðar.

3. Hvaða persónuupplýsingum er safnað og hvernig?

Vinnsla persónuupplýsinga hjá Selfoss-Körfu fer í flestum tilfellum fram í tengslum við samþykkta félagsaðild eða á grundvelli lögmætra hagsmunu, samnings eða laga. Selfoss-Karfa vinnur meðal annars persónuupplýsingar um:

- Starfsumsækjendur
- Starfsmenn
- Félagsmenn
- Iðkendur
- Keppendur
- Viðskiptamannaupplýsingar

Ólíkum upplýsingum er safnað um ólíka flokka einstaklinga. Til dæmis er umfangsmeiri upplýsingum safnað um starfsmenn heldur en félagsmenn og almenning. Dæmi um upplýsingar sem unnið er með eru:

- Starfsumsækjendaupplýsingar, svo sem nafn, kennitala, heimilisfang, fyrri störf og menntun, kunnáttu og fleiri upplýsingar í tengslum við starfsumsóknir.
- Starfsmannaupplýsingar, svo sem nafn, kennitala, mynd, lögheimili, sími, netfang, starfsheiti, bankareikningur og fleira. Við kunnum einnig að vinna viðkvæmar

persónuupplýsingar um starfsmenn, eins og heilsufarsupplýsingar vegna veikinda og upplýsingar um stéttarfélagsaðild.

- Félagsmanna- eða iðkendaupplýsingar, svo sem nafn, kennitala, netfang, hlutverk í hreyfingu.
- Upplýsingar um keppendur, svo sem nafn, kennitala, kyn, íþróttagrein, árangur, heiti móts, tegund móts.
- Viðskiptamannaupplýsingar, svo sem nafn, netfang, tengsl við fyrirtæki, símanúmer, starfsheiti og samskiptasaga.

Persónuupplýsingarnar sem við söfnum og vinnum koma venjulega beint frá hinum skráða einstaklingi, en geta líka komið frá öðrum aðilum, eins og t.d. Nóra gagnagrunninum og Sportabler.

4. Á hvaða grundvelli safnar Selfoss-Karfa persónuupplýsingum?

Selfoss-Karfa vinnur persónuupplýsingar um einstaklinga á grundvelli samþykkis, einkum um félagsmenn og iðkendur sem gerast aðilar að Selfoss-Körfu og í markaðstilgangi.

Þegar skráðar eru upplýsingar um félagsmenn og iðkendur Selfoss-Körfu þá er það gert á grundvelli lögmaðra hagsmuna sem felast einkum í tölfraðivinnslu og utanumhaldi um iðkendur. Einnig vinnum við persónuupplýsingar á grundvelli lögmaðra hagsmuna vegna myndavélaeftirlits í öryggis- og eignavörslutilgangi. Í slíkum tilvikum fullvissum við okkur um það að grundvallarréttindi og frelsi skráðra einstaklinga vegur ekki þyngra en okkar hagsmunir af því að vinna upplýsingarnar.

Í sumum tilvikum vinnum við persónuupplýsingar einstaklinga á grundvelli samnings-sambands og á það einkum við um starfsumsækjendur, starfsmenn, viðskiptamenn, birgja og verktaka. Það getur einnig verið í þeim tilgangi að koma slíku samningssambandi á. Við kunnum einnig að vinna persónuupplýsingar um keppendur á grundvelli samnings.

Þá fer vinnsla einnig fram til að uppfylla lagaskyldu sem hvílir á okkur, svo sem í tengslum við útgreiðslu launatengdra gjalda, samkvæmt vinnuréttarlöggjöf eða á grundvelli jafnréttisлага, svo sem þegar við skráum upplýsingar um kyn félagsmanna Selfoss-Körfu.

Viðkvæmar persónuupplýsingar eru einkum unnar um starfsmenn, iðkendur og keppendur á grundvelli samnings, lagaskyldu eða til að uppfylla kröfur sem t.d. ÍSÍ gerir. Í þeim tilvikum höfum við gert viðeigandi verndarráðstafanir í samræmi við gerðar kröfur.

5. Varðveisla

Selfoss-Karfa geymir persónuupplýsingar í þann tíma sem nauðsynlegt er til að uppfylla tilgang vinnslu, nema lengri geymslutíma sé krafist eða hann leyfður samkvæmt lögum. Lög sem okkur ber að fylgja eru til dæmis lög um bókhald sem gera kröfu um að gögn séu geymd í 7 ár.

Sé möguleiki á því að þörf verði fyrir persónuupplýsingar síðar til að uppfylla lagaskyldu eða vegna lögmætra hagsmunu, mun Selfoss-Karfa varðveita þær persónuupplýsingar með eins öruggum hætti og nauðsyn ber til.

6. Öryggi persónuupplýsinga

Selfoss-Karfa leitast við að grípa til viðeigandi tæknilegra og skipulagslegra ráðstafana til að vernda persónuupplýsingar og tekur í því samhengi tillit til eðlis upplýsinganna sem um ræðir og umfangs.

Verði öryggisbrestur sem hefur í för með sér áhættu fyrir einstaklinga mun Selfoss-Karfa tilkynna slíkt án ótilhlýðilegrar tafar til Persónuverndar. Í ákveðnum tilfellum ber Selfoss-Karfa einnig að tilkynna skráðum einstaklingum um slíka öryggisbresti. Selfoss-Karfa hefur komið sér upp verkferlum til að bregðast við slíkum aðstæðum hratt og vel.

7. Miðlun

Selfoss-Karfa kann að miðla persónuupplýsingum til þriðja aðila vegna ýmissa ástæðna. Til dæmis getur verið um að ræða þjónustuaðila eða verktaka sem veita ákveðna þjónustu, t.d. vegna sjúkraþjálfunar, þjálfunar, dómgæslu. Getur þá verið nauðsynlegt að veita slíkum aðila aðgang að persónuupplýsingum.

Þegar slíkir aðilar hafa aðgang að persónuupplýsingum vegna eðli þjónustunnar sem um ræðir tryggir Selfoss-Karfa að aðeins séu afhentar persónuupplýsingar sem eru nauðsynlegar og að um ábyrga vinnsluaðila sé að ræða sem bjóða upp á þjónustu sem uppfyllir skilyrði persónuverndarlaga, m.a. með tilliti til öryggis persónuupplýsinga.

8. Réttindi skráðra einstaklinga

Einstaklingar eiga rétt á því að vita hvaða persónuupplýsingar Selfoss-Karfa vinnur um þá og geta beint fyrirspurn um það til Selfoss-Körfu í gegnum netfangið selfoskarfa@gmail.com. Í ákveðnum tilvikum eiga einstaklingar meðal annars rétt á að: óska eftir aðgangi að og afriti af persónuupplýsingum, að persónuupplýsingar séu leiðréttar og/eða að þeim sé eytt; að

mótmæla vinnslu persónuupplýsinga og takmarka; og að draga til baka samþykki fyrir vinnslu. Réttindi skráðra einstaklinga kunna að vera háð takmörkunum sem leiða meðal annars af lögum eða hagsmunum annarra sem upplýsingarnar varða. Selfoss-Karfa mun krefjast auðkenningar áður en erindi eru afgreidd til að koma í veg fyrir að upplýsingar berist í hendur óviðkomandi aðila.

9. Samskipti við Selfoss-Körfu og Persónuvernd

Fyrirspurnum vegna persónuverndarmála Selfoss-Körfu er unnt að beina á netfangið selfoskarfa@gmail.com eða til starfandi formanns félagsins sem má finna upplýsingar um á heimasíðu félagsins hverju sinni. Ef einstaklingur er ósáttur við vinnslu Selfoss-Körfu á persónuupplýsingum og afgreiðslu erinda er hægt að kvarta til Persónuverndar og má finna upplýsingar um slíkt ferli inn á heimasíðu Persónuverndar: www.personuvernd.is.

10. Breytingar á persónuverndarstefnunni

Persónuverndarstefnan er endurskoðuð reglulega og kann því að taka breytingum. Breytingar á stefnunni öðlast gildi við birtingu á heimasíðu Selfoss-Körfu: www.selfoskarfa.is.

Þessi útgáfa var samþykkt af stjórn Selfoss-Körfu þann 22.08.2022.